# Sorphirða á höfuðborgarsvæðinu: Samræming úrgangsflokkunar



Kynning hjá umhverfis- og
samgöngunefnd Kópavogsbæjar
25. Janúar 2022

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

SÓKNARÁÆTLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

SORPA

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026

# Samræming úrgangsflokkunar

## Tímalína verkefnis

- **Mars 2020** — **Sóknaráætlun samþykkt**
- **Júní 2020** — **Ráðstefna í Hilton hótel um fýsileika samræmingar.**
- **Október 2020** — **Verkefnahópur sveitarfélaga hóf störf og réði ráðgjafastofuna Resource til að vinna skýrslu um fýsileika samræmingar**
- **Janúar 2021** — **Skýrsla kynnt á opnum netfundi SSH og stjórn vísar skýrslu til sveitarfélaga til meðferðar og ummfjöllunar**
- **Apríl 2021** — **Afgreiðsla sveitarfélaga liggur fyrir. Stjórn SSH samþ. tillögur verkefnahóps**

**Næstu skref — tillögur starfshóps til stjórnar SSH**

1. **Ráða verkefnastjóra til að stýra framkvæmd *samræmingar úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu* og innleiðingu á tillögu A1 sbr. minnisblað starfshóps. Hlutverk verkefnastjóra væri m.a.:**
   a. **Áætla kostnað við innleiðingu á samræmdu úrgangsflokkunarkerfi m.v. tillögu A1, þ.á.m. kostnað við innkaup á nýjum tunnum og möguleg áhrif á tækjakostnað Sorpu.**
   b. **Áætla rekstrarkostnað við tillögu A1 fyrir sveitarfélög og Sorpu.**
   c. **Móta tillögu að samræmdu kerfi grenndargáma vegna annarra úrgangsstrauma eins og gler, járn og textíl.**
   d. **Móta tillögu að innleiðingu samræmds úrgangsflokkunarkerfis.**
   e. **Móta tillögu um sameiginlega geymsluaðstöðu fyrir tunnur fyrir höluðborgarsvæðið.**
   f. **Vinna drög að samstarfssamning milli sveitarfélaganna um samræmingu.**
2. **Framlengja starfstíma starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar. Hlutverk starfshóp væri að aðstoða verkefnastjóra við framkvæmd verkefnisins og tryggja góðar boðleiðir í sveitarfélögin. Óskað yrði eftir aðkomu Sorpu í starfshópinn til að aðstoða við verkefnið.**



Skjal sótt af '0000000

# Samræming úrgangsflokkunar

## Verkefnahópur

- **Sigrún Haraldsdóttir ráðin sem sérstakur verkefnastjóri til að vinna í verkefninu, ásamt Valgeiri Björnssyni frá Sorpu.**
- **Jón Kjartan Ágústsson sat í hópnum fyrir hönd SSH.**

| Sveitarfélag | Nafn | Deild |
|---|---|---|
| Hafnarfjörður | Ishmael David | Tæknifræðingur skrifstofa umhverfis og framkvæmda |
| Garðabær | Guðbjörg Brá Gísladóttir | Deildastjóri umhverfis og framkvæmda |
| Kópavogur | Birkir Rútsson | Deildarstjóri gatnadeildar |
| Reykjavík | Guðmundur B. Friðriksson | Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfis |
| Seltjarnarnes | Bjarni Torfi Álfþórsson | Bæjarfulltrúi og fulltrúi í stjórn Sorpu |
| Mosfellsbær | Tómas Guðberg Gíslason | Umhverfisstjóri |
| Kjós | Lárus Vilhjálmsson | Nefnarmaður í umhverfisnefnd |




Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026

# Samantekt á tillögum

## 1.
## Almenn sorphirða við heimili

**Lagt er til að sorphirða við heimili skiptist í eftirfarandi strauma:**

- **Lífrænn eldhúsúrgangur**
- **Blandað heimilissorp**
- **Pappír / pappa**
- **Plast**

## 2.
## Sérbýli

**Lagt er til að grundvallar fyrirkomulag íláta við sérbýli verði svohljóðandi:**




Nýtt tvískipt ílát f. blandaðan úrgang og lífrænan úrgang

Eldra ílát m. nýjum límmiða f. pappír og pappa

Eldra ílát m. nýjum límmiða f. plas

Nýtt tvískipt ílát f. blandaðan úrgang og lífrænan úrgang

Nýtt tvískipt ílát f. pappa/pappír og plas

**Lagt er til að sveitarfélög hagnýti áfram eldri ílát og merki með nýjum merkingum fyrir pappír og plast, í þeim tilfellum þar sem þesskonar ílát eru fyrir innan lóðar.**

**Sveitarfélög geti sannarlega ákveðið að bjóða upp á annað fyrirkomulag á ílátum, í tilfellum þar sem slíkt leiðir til þæginda fyrir notendur og lágmarki sóun.**

**Lagt er til að sveitarfélög láti íbúa fá ný ílát sjálfvirkt, þ.e.a.s. að íbúar þurfi ekki að velja ný ílát sjálfir.**

**Íbúar geti þó komið fram með séróskir, en þær þurfi að berast sérstaklega til sveitarfélagsins.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026

| Reglur um skipti | Sérbýli fyrir samræmingu: | Sérbýli eftir samræmingu: | Nýtt ílát | Endur-nýtt ílát |
|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | » Eitt grátt ílát f. blandaðan úrgang (fjarlægt) | » Eitt tvískipt ílát f. lífrænt og blandað rusl (nýtt ílát) | X | |
| | | » Eitt tvískipt ílát fyrir pappír og plast (nýtt) | X | |
| | » Eitt grátt ílát fyrir blandað | » Eitt ílát fyrir plast (grá tunna) | | X |
| | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | | X |
| | | » Eitt tvískipt ílát f. lífrænt og blandað rusl | X | |
| | » Eitt grátt ílát fyrir blandað | » Eitt ílát fyrir pappa (grá tunna) | | X |
| | » Eitt grænt ílát fyrir plast | » Eitt ílát fyrir plast (græn tunna) | | X |
| | | » Eitt tvískipt ílát f. lífrænt og blandað rusl | X | |
| | » Eitt grátt ílát fyrir blandað (fjarlægt) | » Eitt tvískipt ílát f. lífrænt og blandað rusl | X | |
| | » Eitt grænt ílát fyrir plast | » Eitt ílát fyrir plast (græn tunna) | | X |
| | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | » Eitt ílát fyrir pappír (blá tunna) | | X |
| | » Eitt grátt ílát fyrir blandað | » Eitt grátt ílát fyrir blandað | | X |
| | » Eitt grænt ílát fyrir plast | » Eitt ílát fyrir plast (græn tunna) | | X |
| | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | | X |
| | » Eitt brúnt ílát fyrir líf. eldhús.úrg. | » Eitt brún ílát fyrir líf. eldhús.úrg. | | X |
| Kópavogur | » Eitt grátt orkuílát | » Eitt tvískipt ílát f.lífrænt og blandað | X | |
| | » Eitt blátt ílát með blandað plast og pappír | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | | X |
| | | » Eitt grátt ílát fyrir plast | | X |
| Hafnarfjörður | » Eitt grátt orkuílát og plast í sérpokum | » Eitt tvískipt f. lífrænt og blandað | X | |
| | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | » Eitt tvískipt f. pappa og plast | X | |
| | | » Eða eitt grátt fyrir plast og bláa fyrir pappa | | X |
| Mosfellsbær | » Eitt grátt orkuílát fyrir blandað og plast í sérpokum | » Eitt tvískipt ílát f. lífrænt og blandað rusl | X | |
| | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | » Eitt grátt ílát fyrir plast | | X |
| | | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | | X |
| Garðabær | » Eitt grátt orkuílát fyrir blandað | » Eitt tvískipt ílát f. lífrænt og blandað rusl | X | |
| | » Eitt grátt ílát fyrir pappír | » Eitt grátt ílát fyrir plast | | X |
| | | » Eitt grátt ílát fyrir pappír | | X |
| Seltjarnarnes | » Eitt grátt orkuílát fyrir blandaðan úrgang | » Eitt tvískipt ílát f. Lífrænt og blandað rusl | X | |
| | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | | X |
| | » Eitt grænt ílát fyrir málma og gler | » Eitt grænt ílát fyrir plast | | X |
| Kjósin | » Eitt grátt orkuílát fyrir blandaðan úrgang | » Eitt tvískipt ílát f. Lífrænt og blandað rusl | X | |
| | » Eitt ílát fyrir pappír | » Eitt blátt ílát fyrir pappír | | X |
| | » Eitt ílát fyrir plast | » Eitt grátt ílát fyrir plast | | X |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026

# Samantekt á tillögum

## Frh. sérbýli

Tvískipt ílát eru víða hagnýtt á norðurlöndum og hafa þann kost að spara pláss á lóð. Ílátin eru sérstaklega hönnuð og með þili til að aðskilja milli úrgangsflokka. Vel flest sveitarfélög í Danmörku hafa farið þessa leið við innleiðingu á aukinni flokkun og hirðu á endurvinnsluefnum við heimili.

Sorphirðuaðilar þurfa sérstaka sorphirðubíla fyrir tvískipt ílát.

Lagt er til að grundvallarviðmið við sérbýli verði eitt tvískipt ílát fyrir blandaðan úrgang og lífrænan úrgang.

Lagt er til að tvískiptum ílátum verði skipt í hlutföllunum:

**Ílát nr. 1 (grundvallarviðmið við flest sérbýli)**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Blandað heimilissorp | 60% | Lífrænn eldhúsúrgangur | 40% |

**Ílát nr. 2 (valkostur sem gætu hentað vissum sveitarfélögum)**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Pappír / pappi | 60% | Plast | 40% |

## 3. Fjölbýli

Lagt er til að fyrirkomulag við fjölbýli verði svohljóðandi:



Við fjölbýli þarf að taka mið af rými í sorpgeymslum fyrir ný ílát, aðgengi hirðuaðila að sorpgeymslum og fjölda íbúða í húsi.  Mikilvægt að hafa fjölbreytni í stærð íláta til að mæta þörfum íbúa. Í mörgum tilfellum þarf ekki að fjölga tunnum heldur endurmerkja tunnur sem eru fyrir.

Í fjölbýli samnýta íbúar sorpílát og því ekki þörf fyrir tvískipt ílát nema í einstaka smærri fjölbýlishúsum.

Líkt og við sérbýli er lagt til að sveitarfélög láti íbúa fjölbýlis fá ný ílát sjálfvirkt, þ.e.a.s. að íbúar þurfi ekki að velja ný ílát sjálfir.

Skjal sótt af '00000000' dags: 18.08.2026

# Samantekt á tillögum

## 4.
## Lífrænn eldhúsúrgangur

Til að pokar undir lífrænan eldhúsúrgang trufli ekki forvinnslu úrgangs og jarðgerð er mikilvægt að hann sé í pokum sem henti vinnslunni.

Lagt er til að lífrænum eldhúsúrgangi sé safnað í þar til gerða bréfpoka sem brotna auðveldlega niður og festast ekki í vélbúnaði móttökustöðva.

Lagt er til að sveitarfélög úthluti bréfpokum til íbúa




Dæmi um notkun bréfpoka frá Gautaborg



Skjal sótt

# Samantekt á tillögum

## 5.
## Sorphirða á grenndarstöðvum

Lagt er til að sveitarfélögin komi á laggirnar neti af smærri og stærri grenndarstöðvum til að hirða úrgang sem skv. lögum þarf að hirða í nærumhverfi.

### Smærri grenndarstöðvar

Dreift með að hámarki um 500 metra radíus frá hverju íbúðarhúsi. Þrjár af hverjum fjórum stöðvum ættu að falla undir þennan flokk til að safna eftirfarandi úrgangsstraumum:

- Gler
- Dósir / flöskur
- Málmar
- Textíll

### Stærri grenndarstöðvar

Dreift með að hámarki um 1000 metra radíus frá hverju íbúðarhúsi. Ein af hverjum fjórum stöðvum ættu að falla undir þennan flokk til að safna eftirfarandi úrgangsstraumum:

- Pappír/pappa
- Plast
- Gler
- Dósir / flöskur
- Málmar
- Textíll




Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026

# Samantekt á tillögum

## 6.
## Viljayfirlýsing um fyrirkomulag samstarfs og kynningarmála

Lagt er til að sveitarfélögin skrifi undir viljayfirlýsingu þess efnis að þau hyggist vinna sameiginlega að fyrirkomulagi sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu.

Lagt til að sveitarfélögin hefji viðræður við SORPU um umsjón kynningarmála og fræðslu.

Lagt er til að sveitarfélögin framlengi starfstíma starfshóps tæknifólks til að samræma vinnubrögð og kynningarmál á nýju kerfi.

## 7.
## Innleiðing á nýju kerfi í skrefum

Innleiðing á nýju hirðukerfi þarf að taka mið af því flokkunar og hirðukerfi sem fyrir er en þau eru misjöfn hjá sveitarfélögunum.

Lagt er til að sveitarfélögin reyni eftir bestu getu að vera samstíga í innleiðingu til að auglýsingarherferð nýtist sem best.

Nýjar grenndarstöðvar þarf að staðsetja m.t.t. aðgengis fyrir alla, í göngufæri fyrir flesta íbúa og alfarleið fyrir þau sem aka.

## 8.
## Innkaup á nýjum ílátum

Lagt er til að sveitarfélögin hefji undirbúning að útboði nýrra íláta hið fyrsta en gera má ráð fyrir það taki um 4 mánuði frá því útboð hefst þar til ný ílát verði tilbúnar til afhendingar.

Mikilvægt er að sveitarfélög sammælist um notkun á sömu ílátum og lagt er til að SORPA aðstoði við samræmingu og gagnaöflun fyrir útboðsgögn sveitarfélaga.



Skjal sótt af '000000000' dags. 18.08.2026

# Samantekt á tillögum

## Málsmeðferð tillagna og tímalína innleiðingar

### Janúar – mars 2022

- Skýrsla m. tillögum afhent stjórn SSH
- Afgreiðsla sveitarfélaga, umræður og kynningar
- Viljayfirlýsing um samvinnu undirrituð
- Val á fyrstu innleiðingarsvæðum í hverju sveitarfélagi
- Undirbúningur auglýsingarherferðar
- Útboðsvinna hefst

### Apríl – september 2022

- Auglýsingarherferð hefst
- Innleiðing samræmingar hefst samkvæmt áætlun hvers sveitarfélags
- Uppsetning grenndargámar skv. tillögu hefst
- Útboð hefst og lýkur
- Nýjar tunnur berast og dreifing hefst

### Október 2022 – janúar 2023

- Auglýsingarherferð stendur yfir
- Uppsetning grenndargámar langt á veg komið
- Ný lög um hringrásarhagkerfi taka gildi



Skjal sótt af '000000000' da

# HEIMILI

## Fyrir samræmingu

Grá tunna (almennur úrgang)
Blá tunna (pappír, val)
Græn tunna (plast, val)
Brún tunna (lífrænt, val).

Grá tunna (almennur úrgang)
Blá tunna (Plast, pappír, pappi)

Grá tunna (almennur úrgangur + plast í sér poka + málmar + gler)
Blá tunna (pappír + pappi)

Grá tunna (almennur úrgangur + plast í sér poka)
Blá tunna (pappír + pappi)

Grá tunna (almennur úrgangur + plast í sér poka)
Blá tunna (pappír + pappi)

Grá tunna (almennur úrgang)
Blá tunna (pappír + pappi)
Græn tunna (Plast+gler+málmar)

Almennt rusl
Pappír
Plast

## Eftir samræmingu




Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026

# Grenndarstöðvar

## Fyrir samræmingu

Pappír
Plast
Gler (vel flestum stöðum)
Textíl (vel flestum stöðum)
Flöskur / dósir (vel flestum stöðum)
Málmar (Árbæ)

Plast
Gler
Textíl (vel flestum stöðum)
Flöskur / dósir (vel flestum stöðum)

Pappír
Plast
Gler
Textíl (vel flestum stöðum)
Flöskur / dósir (vel flestum stöðum)

Pappír
Plast

Plast
Gler

Pappír
Plast

## Eftir samræmingu

### Smærri stöðvar

GLER
MÁLMAR
TEXTÍLL
SKILAGJALD

### Stærri stöðvar

GLER
MÁLMAR
TEXTÍLL
SKILAGJALD
PAPPI
PAPPÍR
PLAST

Skjal sótt af '00000000' dags: 18.08.2026

# Tvískiptar tunnur í Odense







Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026






Fyrirkomulag sorpgeymslu í Gautaborg

Skjal sótt af '000000000' dags: 18.08 2026



Bréfpokar fyrir lífrænan eldhúsúrgang í sorpgeymslu í fjölbýli í Gautaborg



Bréfpokar fyrir lífrænan úrgang í móttökustöð úrgangs í Gautaborg

Skjal sótt af '00000000' dags: 18.08 2026